

VIÐAUKI 14

Sjálfbær þróun - Staðardagskrá 21 Hveragerði.

Helstu markmið Staðardagskrár 21 hjá Hveragerðisbæ

Efnisyfirlit

1. Staðardagskrá 21 í Hveragerði	3
2. Almennt um meginmarkmið Hveragerðisbæjar	5
3. Holræsi og fráveitukerfi	5
Meginmarkmið	5
4. Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum	5
Meginmarkmið	5
5. Náttúrumengun	5
Meginmarkmið	5
6. Gæði neysluvatns	6
Meginmarkmið Vatnsveitu Hveragerðis er að	6
7. Hávaða- og loftmengun	6
Markmið Hveragerðisbæjar.....	6
8. Menningarminjar og náttúruvernd	6
Meginmarkmið	6
9. Umhverfisfræðsla í skólum	7
Meginmarkmið	7
10. Orkusparnaðaraðgerðir	7
Meginmarkmið	7
11. Meindýraeyðing	7
Meginmarkmið	7
12. Skipulagsmál	8
Meginmarkmið	8
Almenn markmið bæjarins sbr 1.gr. skipulags- og byggingarlaga:.....	8
Önnur markmið.....	8
13. Umferð og flutningar	9
Meginmarkmið	9
14. Aðlindanotkun	9
Meginmarkmið	9
15. Atvinnulífið	9
Meginmarkmið	9
16. Matvælaframleiðsla	10
Meginmarkmið	10
17. Uppgræðsla og ræktun	11
Meginmarkmið	11
18. Heilsa	11
Meginmarkmið	11

1. Staðardagskrá 21 í Hveragerði

Í mars 1998 gerðu Umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samstarfssamning um verkefni, sem miðar að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum – Staðardagskrá 21.

Hveragerði gerðist þátttakandi í „Staðardagskrá 21“ er laut að sjálfbærri þróun samfélagsins. Sjálfbær þróun gerir mönnum kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Með öðrum orðum að lifa í sátt og samlyndi við móður náttúru og gæta þess að ganga ekki á þær auðlindir og þann höfuðstól sem komandi kynslóðir taka við. Áætlunin snýst ekki einvörðungu um umhverfismál, heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta.

Hugmyndafræðin baki sjálfbærri þróun er að finna í svonefndri Brundtlandsskýrslu sem kom út árið 1987. Skýrslan var samin af nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs veitti forstöðu.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro 1992 samþykktu fulltrúar 179 þjóða, þ.á.m. Íslands, áætlun sem nefnd hefur verið Dagskrá 21 (Agenda 21). Ályktunin byggði á vinnu Brundtland-nefndarinnar um helstu leiðir til lausnar á vanda heimsins á 21. öldinni og tekur til vistfræðilegra, efnahagslegra og félagslegra þátta með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áhersla á staðbundnar aðgerðir er eitt af grundvallaratriðum í Dagskrá 21 sem kom vel fram í vígorði ráðstefnunnar „Think Globally Act Locally“ eða „hugsaðu hnattrænt - framkvæmdu heima fyrir“. Þar segir að sveitastjórnir skuli vinna að sérstakri Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) í samvinnu við íbúana á hverjum stað og koma henni í framkvæmd. Hér er um að ræða áætlun þar sem sveitarfélag setur fram hvaða leið það ætlar sér að fara í sjálfbærri þróun á 21. öldinni, þar sem þátttaka almennings, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana er nauðsynleg, ef vel á að takast til.

Sérstakur [starfshópur](#) var stofnaður á vegum Hveragerðisbæjar til að halda utan um og fylgjast með framgangi verkefnisins. Verkefnisstjóri var þáverandi garðyrkjustjóri Hveragerðisbæjar, Kolbrún Þóra Oddsdóttir.

Alls tóku rúmlega 30 sveitarfélög hér á landi þátt í staðardagskrárverkefninu sem unnið var í samstarfi við Umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Verkefninu var skipt í fimm flokka:

- Núverandi staða í umhverfismálum var skilgreind (stöðumat)
- Sett fram markmið og áhrif þeirra á umhverfi og fjárhag - skilgreiningar
- Gerð starfs- og tímaáætlana
- Áform í umhverfismálum sett í framkvæmd
- Endurmat starfs og starfsaðferða

Fyrsta hluta verkefnisins, stöðumati, var lokið í júní 2000 og er ánægjulegt að upplýsa að Hveragerði varð fyrst sveitarfélaga til að ljúka þeim áfanga.

Haldnir voru reglulegir fundir með ýmsum hópum bæjarfélagsins og tókust þeir á margan hátt vel. Næsta skref byggðu að hluta til á niðurstöðum stöðumatsins og er þeirri vinnu nú lokið.

Hveragerði hefur alla burði til að skipa sér í fremstu röð sveitarfélaga varðandi umhverfismál. Bærinn er gróinn og vel staðsettur, með ósnortna náttúru allt í kring. Bæjaryfirvöld hafa lagt aukna áherslu á málaflokkinn og má þar m.a. nefna markvissa vinnu við uppgræðslu og fegrun bæjarins, aukið viðhald og framkvæmdir á húsnæði og eignum sem heyra undir hann, heildaráætlun um úrbætur í frárennismálum, nýtt vatnsból í Selhæðum og umfangsmiklar gatnagerðaframkvæmdir sem stuðla að bættum samgöngum og minna ryki. Með þessu hefur bærinn orðið ákveðin fyrirmynd, öðrum til eftirbreytni.

Í apríl 1999 var undirritaður samstarfssamningur milli Hveragerðisbæjar, Dvalarheimilis Áss/Ásbyrgis, [Heilsustofnunar NLFÍ](#), Sveitarfélagsins Ölfuss, [Garðyrkjuskóla ríkisins](#) að Reykjum og Rekstrarfélags Ölfusborga. Markmið samvinnunnar var m.a. að efla tengsl á milli aðila, vinna saman að ýmsum mállefnum er tengjast umhverfismálum, miðla þekkingu og móta umhverfisstefnu í anda Staðardagskrár 21.

„Græn vinátta“ er þróunarverkefni í [Grunnskólanum í Hveragerði](#) sem m.a. byggir á samstarfi ofangreindra aðila sem skólinn tekur þátt í. Markmiðið er m.a. að gera nemendur meðvitaðri um sitt nánasta umhverfi og hvernig þeir eigi að umgangast það með gát og virðingu. Skólinn hefur tekið í notkun [jarðgerðartank](#) ásamt öðrum búnaði til að auðvelda nemendum og starfsfólki að flokka sorp og breyta lífrænu sorpi í moltu.

Nauðsynlegt er að önnur fyrirtæki og stofnanir í bænum myndi sér umhverfisstefnu í þessum anda, hversu lítil sem þau eru „því margt smátt gerir eitt stórt“. Áhugasamir geta nálgast ýmsar upplýsingar og ábendingar um framkvæmd hjá embætti skipulags- og byggingafulltrúa.

Forsenda þess, að framtíðarsýn Hveragerðis í átt að sjálfbæru samfélagi nái fram að ganga, er að íbúar allir séu jákvæðir og tilbúnir til að aðlagast nýjum áherslum og breyttum lífsstíl. Við skulum hafa að leiðarljósi eftirfarandi orðatiltæki frá þjóðflokki í Kenýa sem lengi hefur lifað í sátt við umhverfið:

„Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar. Við höfum hana að láni frá börnunum okkar.“



[Staðardagskrárverkefnið á Íslandi](#) Upplýsingavefur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisiráðuneytisins

2. Almenn t um meginmarkmið Hveragerðisbæjar

Mikil vakning hefur verið í umhverfismálum á undanförunum árum og eru þau æ meira rædd á degi hverjum. Almenninur gerir stöðugt meiri kröfur til umhverfis og fyrirtæki þróa sífellt nýjar vörur til að mæta breyttum kröfum markaðarins. Mikil vinna er innt af hendi til að ná settum markmiðum og áleitun spurning hvenær þau nást. Hér á eftir er samantekt yfir helstu markmið sem Hveragerðisbær hefur sett sér í gegnum Staðardagskrá 21 og sem bærinn stefnir að, að ná á næstu árum og áratugum. Samantekt þessi byggir á ritinu „Hveragerði, Staðardagskrá 21 „Hugsaðu hnattrænt og framkvæmdu heima fyrir” sem gefin var út 30. mars 2001.

3. Holræsi og fráveitukerfi

Meginmarkmið

- Varmá verði hrein og ómenguð af manna völdum fyrir árið 2025, svo hún verði aftur sú náttúruperla, sem hún var í upphafi byggðar í Hveragerði árið 1929.
- Mengað frárennsli frá vélum og tækjum fyrirtækja verði forhreinsað, áður en því er veitt í holræsakerfi bæjarins.
- Beitt verði lífrænni hreinsun og frekari eftirmeðhöndlun á fráveituvatnið.
- Skólphreinsistöð Hveragerðisbæjar verði tekið í notkun árið 2002.
- Heildarframkvæmdum við úrbætur á holræsakerfi bæjarins skal lokið árið 2025.

4. Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

Meginmarkmið

- Draga þarf úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar, miða skal við að meðal sorpmagn á íbúa hafi minnkað árlega um 6% fram til ársins 2006.
- Hvetja til minnkunar sorps/umbúða við innkaup.
- Endurnýta lífrænan úrgang.
- Flokka endurnýtanlegan úrgang.

5. Náttúrumengun

Meginmarkmið

- Að koma í veg fyrir að rusl safnist fyrir eða fjúki um á grænum svæðum Hveragerðisbæjar og bærinn sé hrein og snyrtilegur.
- Að hvetja fyrirtæki og íbúa bæjarins til þess að vinna að því að gera heildarímynd bæjarins fallega og snyrtilega.

6. Gæði neysluvatns

Meginmarkmið Vatnsveitu Hveragerðis er að:

- Ætíð sé til staðar nægt drykkjarvatn, sem fullnægi gæðakröfum.
- Sjá til þess að ætíð sé nægjanlegt framboð vatns með þeim þrýstingi, sem sveitarfélagið gerir kröfu um.
- Tryggja öryggi og viðbúnað í vatnsafhendingu.
- Tryggja hagkvæman rekstur vatnsveitunnar.
- Rekstur, viðhald, endurnýjun og nýframkvæmdir séu ætíð í samræmi við gildandi reglugerðir.
- Tillit sé tekið til að saman fari afhending góðs drykkjarvatns og hagar starfsfólks.
- Tryggja að lögum og reglugerðum sé fylgt og að hægt sé að sanna það.

7. Hávaða- og loftmengun

Markmið Hveragerðisbæjar:

- Að búa bæjarbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.
- Að skipulag nýrra hverfa og svæða verði miðað við, að hávaði utan íbúðarhúsa sé ekki yfir leiðbeiningarmörkum fyrir hávaða í reglugerð nr. 933/1999.
- Að gerðar verði hljóðmælingar meðfram Suðurlandsvegi og helstu umferðargötum bæjarins. Sé hávaði yfir viðmiðunarmörkum verði gerðar ráðstafanir til þess að draga úr hljóðmengun eða viðkomandi húseigendum veittur styrkur til þess að gera nauðsynlegar úrbætur á fasteignum sínum.
- Að gerðar verði mælingar á hávaða frá fyrirtækjum og annarri starfsemi í bænum. Sé hávaði einhversstaðar yfir viðmiðunarmörkum verður gengið eftir því að úrbætur verði gerðar þar á.
- að ofangreindum markmiðum verði náð fyrir árið 2010.

8. Menningarminjar og náttúruvernd

Meginmarkmið

- Safna þarf fleiri upplýsingum um menningu, búsetuminjar, þjóðleiðir og náttúru Hveragerðis.
- Menningarminjar er þáttur í sögu manns og náttúru og örnefnin segja til um forna búskaparhætti. Vekja þarf athygli á menningu og þjóðsögum.
- Skrá þarf náttúruminjar og taka afstöðu til þess hvað eigi að vernda og með hvaða hætti.

- Efla þarf umhverfisfræðslu í þágu ferðamanna og íbúa bæjarfélagsins. Gefa þarf út upplýsandi kort, myndbönd og bæklinga. Auka þarf umhverfismerkingar á menningarminum.

9. Umhverfisfræðsla í skólum

Meginmarkmið

- Höfuðáhersla er lögð á fræðslu í skólum bæjarins. Einnig þarf fræðslu um umhverfismál, en umhverfisfræðsla er einn af mikilvægustu málaflokkum sjálfbærrar þróunar.
- Stöðugt þarf að fjalla um umhverfismálin í fjölmiðlum, ræðum og ritum. koma þarf upplýsingum á heimasíðu Hveragerðisbæjar.
- Bjóða þarf upp á umhverfisfræðslu fyrir íbúa, fyrirtæki og stofnanir.
- Vinna þarf markvisst að því að auka umhverfismenntun bæði í leikskólum og Grunnskóla Hveragerðs, en í uppeldisáætlun leikskóla er að finna markmið um sjálfbæra þróun ríkisstjórna og annarra opinbera aðila.

10. Orkusparnaðaraðgerðir

Meginmarkmið

- Að draga úr raforkunotkun notenda með almennri ráðgjöf og upplýsingum um raforkunotkun tækja og búnaðar.
- Að draga úr hitanotkun notenda með því að upplýsa þá um hitunarpörf húsa og hitunarbúnað og veita þeim ráðgjöf um leiðir til þess að draga úr orkunotkun s.s. með bættri einangrun mannvirkja og stillingu hitakerfa.
- Að draga úr orkunotkun með upplýsingum til notenda sem auðvelda þeim að bera saman eigin orkunotkun við notkun annarra sambærilegra notenda.
- Að hafa frumkvæði í að kanna möguleika á sjálfbærri notkun jarðgufu til iðnaðar.
- Að laða að fyrirtæki sem nýtt geta jarðgufu við framleiðslu sína á hagkvæman hátt.

11. Meindýraeyðing

Meginmarkmið

- Hætta notkun illgresiseyðingarlyfja á opnum svæðum bæjarins fyrir árið 2010.
- Nota í auknum mæli ræktunaraðferðir, sem lífræn vottunarfyrirtæki segja til um.
- Mælast skal til þess og fræða íbúa og fyrirtæki um ágæti þess, að minnka notkun illgresiseyðingalyfja.

- Nota nýjar/eldri aðferðir til að hefta útbreiðslu illgresis í trjábeðum, grasflötum, malar- og hellulögðum svæðum.

12. Skipulagsmál

Meginmarkmið

Markmið Hveragerðisbæjar sem samþykkt voru við gerð aðalskipulags Hveragerðis 1993-2013:

- Að landfræðileg sérstaða bæjarins verði nýtt til uppbyggingar heilbrigðis- og heilsuverndarþjónustu.
- Að sérstaða og sérkenni bæjarins og umhverfis í jarðfræði, jarðhita, gróðri og ræktun verði dregin fram og undirstrikuð.
- Að ónýttir möguleikar verði nýttir til uppbyggingar og mótunar á vistlegu umhverfi fyrir almenna útivist og íþróttir.
- Að bærinn og umhverfi hans verði aðlaðandi og eftirsóknarverður fyrir þá sem sækjast eftir hvíld, hressingu eða heilbrigðisþjónustu og skilyrði verði sköpuð til uppbyggingar atvinnugreina, sem tengjast þeirri þjónustu.

Almenn markmið bæjarins sbr 1.gr. skipulags- og byggingarlaga:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.
- Að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Önnur markmið

- Að í skipulag skuli ávallt taka fullt tillit til þeirra markmiða sem sett eru fram í Staðardagskrá 21 fyrir Hveragerðisbæ.

13. Umferð og flutningar

Meginmarkmið

- Halda þarf áfram uppbyggingu útivistarstíga og grænna svæða í bænum til þess að byggja upp eftirsóknarvert umhverfi fyrir íbúa og ferðamenn til útivistar, dvalar og skemmtunar. Samræma merkingar á gönguleiðum.
- Fjölga upphituðum göngustígum, svo að íbúar komist greiðlega um að vetrarlagi.
- Draga úr umferð ökutækja milli heimila og vinnustaða. Gera athugun á því hversu margir eru tilbúnir að fara allra leiða sinna á hjóli.
- Að skipuleggja bæinn þannig að unnt sé að draga úr þörf fyrir notkun vélknúinna ökutækja vegna ferða innanbæjar.

14. Aðlindanotkun

Meginmarkmið

- Að land og landgæði verði nýtt með skynsamlegum og hagkvæmum hætti.
- Að tryggð verði varðveisla náttúra og menningarverðmæta og komið í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu.
- Að Hveragerðisbær, sem aðili að Rannsókn- og fræðasetri Háskóla Íslands í Hveragerði, efli vísindarannsóknir sem leitt gætu til nýtingar hitakærra örvera sem finnast í og í næsta nágrenni Hveragerðis.
- Að vatnafarsrannsóknir í og við Hveragerði verði eflar til að tryggja skynsamlega nýtingu vatnsins til almennrar neyslu og iðnaðar.
- Að hreinleiki Varmár verði, á árinu 2002, innan marka, sem kveðið er á um í gildandi reglugerðum og uppfyllir kröfur heilbrigðisyfirvalda þar að lútandi.
- Að fiskigöngur í Varmá verði eflar, t.d. með seiðisleppingu, til að laða að sportveiðimenn.
- Að stofnaður verði fólksvangur á Hengissvæðinu, í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, til þess að gera svæðið aðgengilegt og áhugavert fyrir ferðamenn og þá sem stunda vilja rannsóknir á svæðinu.

15. Atvinnulífið

Meginmarkmið

Leggja þarf áherslu á þær atvinnugreinar, sem fyrir eru í bæjarfélaginu, þannig að svigrúm skapist til þess að þær geti stækkað og blómstrað. Jafnframt þarf að stuðla að nýjum atvinnurekstri. Sjá nánar skýrslu um stefnumörkun; „Atvinnumál bæjarins 1998-2003” og skýrslu um ferðaþjónustu í Hveragerði.

- Hvetja þarf fyrirtæki til að móta sér umhverfisstefnu, sem tæki mið af sjálfbærri þróun.

- Bæjarfélagið þarf að stuðla að því, að fyrirtæki noti umhverfisstjórnunarkerfi EMAS, ISO 14001, og fái vottun og skráningu hér. Hvetja þarf framleiðendur til að fá viðurkennda vottun frá vottunarstofnunum; gæðamerkingar um lífræna ræktun. Lífræn ræktun er undirstöðuatvinnugrein og auka þarf markaðshlutdeild í innlendri framleiðslu.
- Styrkja Garðyrkjuskólann í því að gera þetta svæði að lögheimili garðyrkjunnar. Nauðsynlegt er að nýta þekkingarauðinn til að stuðla að aukinni uppbyggingu garðyrkjunnar.
- Huga þarf að nýjum atvinnugreinum, sem tengjast hugbúnaðargerð, þekkingariðnaði s.s. rannsóknum á hitakærum örverum og nýtingu þeirra.
- Hanna þarf minjagrip fyrir listamannabæinn Hveragerði.
- Huga þarf að atvinnugreinum, sem geta nýtt sér mismunandi hitastig á jarðgufu.
- Stefna skal að grænni, umhverfisvænni og heilsutengdri ferðaþjónustu.
- Hveragerði sæki um inngöngu í ESPA (European Spas Association) - Evrópusamband heilsustofnana.
- Hveragerðisbær komi að gerð kynningarefnis og útgáfu á kortum. Eins getur bæjarfélagið auglýst eða kynnt sérstakar uppákomur eins og „Sumarnætur, Blómstrandi daga og þjóðadaga Sameinuðu þjóðanna“, og þannig eftt menningartengda ferðaþjónustu.

16. Matvælaframleiðsla

Meginmarkmið

Mikilvægt er, að bæjarfélagið skapi stóreldhúsum og matvælaframleiðslu fyrir ferðaþjónustu gott starfsumhverfi og sjái til þess, að lögum og reglugerðum sé framfylgt. Bæjaryfirvöld þurfa að ýta á eftir því að tilskilin leyfi séu til staðar og fyllsta öryggis gætt. Sérstaklega skal bent á, að fyrirtæki sem fást við matvæli, komi sér upp innra gæðaeftirliti, sem taki mið af GAMES-kerfinu í samræmi við reglugerð 552/1994. Gróðurhús hafa hingað til verið undanskilin frá heilbrigðiseftirliti, og benda má á atriði eins og þvott á grænmeti. Gæði á vatni skipta hér miklu máli

- Ýmis tækifæri skapist vegna aukinnar grænmetisneyslu landsmanna. Við neytum um 37% minna grænmeti en nágrannarþjóðir okkar og 50% minna af fersku grænmeti. Á síðastliðnum árum hefur neysla okkar þó aukist um 20% á fersku og unnu grænmeti. Veitingasala á Heilsustofnun NLFÍ er gott dæmi um hvernig neyta má grænmetis og hollra grænmetisréttta. Rekstur stofnunarinnar er gott dæmi um, hvernig hægt er að nota það, sem ræktað er á staðnum. Dvalarheimilið Ás er einnig gott dæmi um þetta, og enn fleiri fyrirtæki gætu notað það sem framleitt er hér á staðnum, og framreitt í veitingasölum sínum.
- Fjölga þarf þeim fyrirtækjum sem fá vottun s.s. frá Túni. Lífræn ræktun telst til nýsköpunar, veittir eru styrkir til þess að vinna að þróun í þessum

geira. Leggja verður aukna áherslu á hagkvæmar lausnir varðandi lífræna ræktun í gróðurhúsum.

- Unnið verði að því að kynna deiliskipulag fyrir gróðurhúsahverfi og þau gerð eftirsóknarverð.
- Bærinn gangi fram með góðu fordæmi og dragi úr notkun varnarefna, og vísi þannig veginn fyrir garðeigendur og garðyrkjufyrirtæki.

17. Uppgræðsla og ræktun

Meginmarkmið

Halda áfram uppbyggingu í umhverfismálum samkvæmt aðal- og umhverfisskipulagi. Gera þarf umhverfi Hveragerðisbæjar aðlaðandi og eftirsóknarvert fyrir þá sem sækjast eftir hvíld eða hressingu.

- Banna þarf lausagöngu búfjár í landi Hveragerðisbæjar og gera skýrari reglur um búfjárhald í sveitarfélaginu og nágrenni þess.
- Til að endurheimta fyrri landgæði og gróður þarf að græða landið. Aukin skógrækt er m.a. viðurkennd aðferð til að stemma stigu við gróðurhúsaáhrifum.
- Unnið er að gatnagerð, planta þarf skjólbeltum til að safna snjó og minnka snjómokstur á götum.
- Gera þarf framkvæmdaáætlun um ræktun/uppgræðslu opinna svæða með hliðsjón af umhirðu.

18. Heilsa

Meginmarkmið

Stöðug hvatning og fræðsla til íbúa um heilbrigða lífshætti. Gera þarf almenningi kleift að meta eigið heilsufar. Einnig að hafa forgöngu um heilsusamlegar „uppákomur“.

- Hvetja til reglubundinnar hreyfingar.
- Hvetja íbúa til að draga úr reykingum og neyslu áfengis og fíkniefna.
- Hvetja til aukinnar neyslu á hollum matvælum, eins og ávöxtum og grænmeti.
- Auka slysavarnir og bæta umferðarmenningu.

Heimild:

Hveragerði, Staðardagskrá 21, „Hugsaðu hnattrænt og framkvæmdu heima fyrir“ 30. mars 2001.